

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA
Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Fundargerð 101. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 17. apríl 2015 Haldinn á skrifstofu eftirlitsins kl. 14:30. Mættir voru: Anton Helgason, Jón Reynir Sigurvinsson, Sólrún Geirsdóttir, Kristján G. Jóakimsson, Einar Valur Kristjánsson, í síma var Jón Hörður Elíasson

Dagskrá:

1. Starfsskýrsla heilbrigðiseftirlits 2014
2. Gjaldskrá 2015
3. Umhverfisstofnun
4. Matvælastofnun
5. Orkustofnun
6. Skipulagsmál
7. Úr eftirliti
8. Starfsleyfi fyrirtækja
9. Tóbaksöluleyfi
10. Tækifærisleyfi
11. Önnur mál
12. Fundadagsetningar tillaga.

Dagskrá

1. Starfsskýrsla heilbrigðiseftirlits 2014.

- Heilbrigðisfulltrúi kynnti starfsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2014.

2. Gjaldskrá 2015.

- Á síðasta fundi var bókað eftirfarandi.
- «Frankvæmdastjóri leggur til að gjaldskrá verði hækkuð um 3%. Tvær breytur eru í gjaldskránni, annarsvegar gjald fyrir rannsóknir á sýnum og hinsvegar tímagjald. Heilbrigðisnefnd leggur til að gjald vegna sýna verði kr. 14.935 og tímagjald verði kr. 11.000 Heilbrigðisnefnd samþykkir að senda breytingu á gjaldskránni til sveitarfélaga til staðfestingar. (3% hækkun)» engar athugasemdir bárust frá sveitarfélögum. Gjaldskráin er tilbúinn og send til sveitarfélaga til samþykktar. Mikilvægt er að sveitarstjórnir samþykki gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsins og sendi staðfestingu á því. Nýlega féll úrskurður hjá úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála sem starfa á grundvelli laga 7/1998. Þar sem álagning sorphirðu og eyðingargjalda á Akranesi var dæmd ólögleg þar sem ekki hafi verið leitað eftir umsagnar heilbrigðisnefndar fyrir gjaldskránni. Við alla gjaldtöku sem sett er á skv. 25. grein laga 7/1998 þarf að leita umsagnar heilbrigðisnefndar.

3. Umhverfisstofnun bréf til kynningar

- Ákvörðun Umhverfisstofnunar vegna útgáfu starfsleyfis fyrir fiskeldi Dýrfisks hf í Ísafjarðardjúpi.
- Lokun urðunarstaðarins í Vatneyrarhlíð.

- Ákvörðun Umhverfisstofnunar vegna útgáfu starfsleyfis fyrir fiskeldi ÍS 47 ehf í Öndarfirði
- Ákvörðun Umhverfisstofnunar vegna útgáfu starfsleyfis fyrir bikbirgðastöð Vegagerðar á Ísafirði.

4. Matvælastofnun, bréf til kynningar

- Sölustöðvun og innköllun af markaði á Glassúr súkkulaði Glassúr bleikur merktur Kötlu Vegna ómerkts ofnæmis- og óþolsvalds. (eggjaduft)
- Innköllun á kryddblöndum frá Santa María vegna ómerkts ofnæmis- og óþolsvalds (möndlur)
- Innköllun á kryddblöndum frá Casa Fiesta Taco Seasoning mix vegna ómerkts ofnæmis- og óþolsvalds (möndlur)
- Innköllun á sesamfræum frá Santa María vegna skordýra.
- Innköllun á hökkuðum heslihnetum vegna aflatoxins, Hagaver, Líf (ekran)
- Innköllun á kjúklingum frá Reykjagarði vegna gruns um salmonellu smit.
- Tilkynning um fæðubótaefni- Dropi.

5. Skipulagsmál umsagnir

- Ofanflóðavarnir á Bíldudal, Vesturbyggð
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu, ofanflóðavarna á Bíldudal
- Umsögn um mat á umhverfisáhrifum fyrir Vestfjarðarveg 60:Þórisstaðir Kraká.
- Umsögn heilbrigðiseftirlits um breytingu aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 Stækkun á íbúðasvæði Túnahverfi greingargerð með deiliskipulagi og nýtt efnistökusvæði í Botnsdal.
- Umsögn Heilbrigðiseftirlits vegna skipulagslýsingar fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar Tálknafirði.
- Umsögn heilbrigðiseftirlits vegna niðursetningar á olíuskilju við olíuskúr Þörungaverksmiðjunnar í Karlsey á Reykhólum.
- Umsögn heilbrigðiseftirlits um breytingu á Deiliskipulagi í Reykhólahreppi, Fremri Gufudal. Bent er á að neysluvatn úr núverandi vatnsbóli er ónothæft nema að undangenginni hreinsun.
- Umsögn heilbrigðiseftirlits um lýsingu á verkáætlun vegna breytinga á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps. Þverun Reykjafjarðar og breytt landnotkun í Reykjanesi. Neysluvatn í Reykjanesi er lítið og lélegt. Lokafrestur til úrbóta var til 10. september 2014. Forsend frekari uppbyggingar í Reykjanesi er að nothæft neysluvatn sé til staðar og sundlaug rekin á eðlilegum forsendum.

6. Sveitarfélög

7. Eftirlit

- **Samkeppniseftirlitið** safnar upplýsingum um markaðinn fyrir meðhöndlun úrgangs. Óskað var eftir upplýsingum um heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisnefnd og stjórnskipulag. Hvernig sjálfstæði gagnvart rekstraraðilum /starfsleyfishöfum er tryggt í starfsemi. Einnig óskað

upplýsinga um rekstraraðila með gild starfsleyfi til að meðhöndlun á heimilis, rekstrar og iðnaðarúrgangi.

- Umsögn um leyfi til leitar og borunar eftir vatni fremst í Botnsdal
- **Reykjavíkurborg athugasemdir við útgáfu leiðbeininga um áhættu- og frammistöðumat matvælafyrirtækja** frá Matvælastofnun óskað skýringa.
- JP lögmenn óskað eftir niðurstöðum úttekta/skoðana/athugana í tengslum við vinnuslys.
- **Niðurstöður úr heildarefnagreiningum** á neysluvatns Ísafjarðar, Bolungarvík. Taka skal árlega sýni til heildarefnagreininga þar sem íbúafjöldi sem vatnsveitan þjónar er meiri en 500. Til eru niðurstöður heildarefnagreininga fyrir flesta þéttbýlisstaði á Vestfjörðum. Ábendingu um töku á heildarefnagreiningasýn fyrir þá þéttbýlisstaði þar sem ekki eru til niðurstöður hefur verið komið á framfæri við sveitarfélögin.
- **Gæði neysluvatns á Íslandi 2002-2012.** Efnafræðilegt ástand neysluvatns er mjög gott og stenst kröfur í 99,7% tilvika. Örverufræðilegt ástand neysluvatns er yfirleitt mjög gott hjá stærri vatnsveitum sem þjóna fleiri en 500 íbúum. Í þeim greinist E.coli í innan við 1% tilvika. Hjá minni vatnsveitum greinist E.coli í 6,4% tilvika sýna frá vatnsveitum sem þjóna 500 íbúum eða færri. Lakast er ástandið á Austurlandi og **Vestfjörðum**, þar sem erfiðara er að nálgast grunnvatn en í öðrum landshlutum. Þá skýrist munurinn á miklum fjölda lítilla einkaveita til sveita, þar sem frágangi vatnsbóla er ábótavant.
- **Niðurstöður sýnatöku 2014 hjá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.** Á árinu 2014 voru tekin 137 sýni, af þeim voru 39 sem ekki stóðust kröfur. Tekið var 1 sýni af sigvatni frá urðunarstað.
- Sýni úr heitum pottum voru 10 en af þeim voru 8 sem ekki stóðust kröfur. Úr sundlaugum voru tekin 14 sýni og af þeim var 9 sýni sem ekki stóðst kröfur. Þetta eru afar slæmar niðurstöður fyrir sund og baðstaði á Vestfjörðum. Það er því ljóst að verulega þarf að herða eftirlit með sund og baðstöðum.
- Fjölgað hefur þeim vatnsveitum sem þurfa að hafa starfsleyfi og vera undir eftirliti heilbrigðiseftirlits. Þær vatnsveitur sem hér bætast við eru einkavatnsveitur hjá ferðaþjónustuaðilum, mjólkurbúum og fiskverkendum í dreifbýli. Vatnsgæði, þar sem ekki er reglubundið eftirlit, eru marktækt lakari.
- 12 vatnsveitur þéttbýlisstaða eru undir eftirliti heilbrigðiseftirlits þ.e. vatnsveitur sem þjóna fleiri en 50 íbúum. Úr þessum veitum voru tekin 70 sýni einungis eitt sýni stóðst ekki kröfur vegna gerlamengunar, þrjú vegna sýrustigs. Þannig að með tilliti til gerla stóðust þéttbýlisveiturnar árið 2014 99%. Hinsvegar eru gæði neysluvatns hjá ferðaþjónustuaðilum, mjólkurbúum og fiskverkendum í dreifbýli alls ekki ásættanleg tekin voru 35 sýni, af þeim voru 19 sem ekki stóðust kröfur, það er meira en helmingur. Veruleg þörf er á sérstöku átaki til að bæta ástand neysluvatns í dreifbýli.

- **2015 hafa þrjár vatnsveitur ekki staðist gæðakröfur vegna E.coli**, úr sýnum frá þremur þéttbýlisveitum þ.e. Bolungarvík, Reykhólum og Drangnesi. sem sýnir að innra eftirlit með þessum veitum er ábótavant.

8. Starfsleyfi fyrirtækja

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og lögum um matvæli nr 93/1995. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Gjald15.Heiti atvinnugreinar
100965-4459-	Kaffi Norðurfjörður	Norðurfjörður	Krár, kaffihús með matsölu
301070-5439-	Ása Fossdal	Reykhólar	Matvöruverslun án vinnslu, lítil

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Gjald15.Heiti atvinnugreinar
021265-4949-	Hlíðarvegur 33-35	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
520101-2250-2	Iceland ProFishing Aðalgata 11	Suðureyri	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
520102-2250-	Icelandic Pro Fishing ehf melgata 1-9	Flateyri	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir)
520701-2140-	Íslenskt Sjávarfang ehf	Þingeyri	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs
670711-1370-1	Pönsa ehf (Krílið)	Ísafjörður	Söluturnar með óvarin matvæla, litlir
431014-2620-	Sólbakki 6 ehf	Flateyri	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
021042-4639-1	Tjaldstæðið Miðjanesi	Reykhólar	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið

Tímabundið starfsleyfi 4-5 apríl 2015

480306-2600-	Aldrei fór ég suður áhugahópur um tónleikahald	Ísafjörður	Samkomusalir með móttökueldhúsi
--------------	--	------------	---------------------------------

Tímabundið starfsleyfi fyrir flugeldasýningu 18. apríl 2015

9. Tóbakssöluleyfi skv. Lögum nr 6/2002

Pönsa ehf (krílið) kt 670711-1370, Sindragötu 6, Ísafirði. Ábyrgðarmaður Auður Ósk Aradóttir kt:200362-3229.

- Undanþágur fyrir unglinga yngri en 18 ára til að selja tóbak skv.

10. Tækifærisleyfi

heilbrigðiseftirlit hefur veitt umsagnir vegna eftirfarandi tækifærisleyfa

Efni	Kt	Staður	Tílefni	dagsetning
Góugleði	190757-2859	Félagsheimili Hólmavíkur	Góugleði	7-8. mars
Lengri opnunartími	530588-1229	Krúsin	Skíðavíka	5-6 apríl
Leiksýning veitingar	300767-4359	Félagsheimili Hólmavíkur	Leiksýning	3-4 apríl
Lengri opnunartími	140470-2289	Félagsheimilið í Súðavík	Þjóðahátíð	11-12 apríl

11. Önnur mál

- Anton sótt námskeið um merkingar/upplýsingar 26 og 27. mars. Ný reglugerð nr 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.
- Fundargerð SHÍ samtaka heilbrigðiseftirlits svæða á Íslandi
- Anton kynnti hugmynd af heimasíðu fyrir eftirlitið samþykkt að vinna þetta áfram.

12. Fundadagsetningar 2015, tillaga:

- 2. fundur 16. apríl Matvælaeftirlit – Innra eftirlit -starfsskýrsla
- 3. fundur 12. júní Fundur í Strandasýslu um Hollustuhætti
- 4. fundur 28. ágúst Fundur í Vesturbyggð um Mengunareftirlit
- 5. fundur 16. október Fjárhagsáætlun.
- 6. fundur 18. desember Viðbrögð við fjárhagsáætlun

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15:30